

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2019.

Fornasel ehf., þinglýstur eigandi jarðarinnar Dranga í Árneshreppi, kærir hér með til úrskurðarnefndarinnar framkvæmdaleyfi Árneshrepps til Vesturverks 12. júní 2019 til brúargerðar á Hvalá, gerðar iðnaðarsvæðis við Hvalá og lagningar 25 km vegar upp Strandarfjöll og um Ófeigsfjarðarheiði að þremur stöðuvötnum auk efnistöskuleyfis. Svæðið er óbyggð víðerni skv. náttúruverndarlögum.

Þess er krafist að hið kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Krafist er úrskurðar um stöðvun framkvæmda á meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni skv. 5. gr. laga nr. 130/2011. Kæruheimild er í 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Byggt er á atvikum og málsástæðum, eftir því sem við á, sem fram koma í kæru landeigenda að Seljanesi og fl. dagsettri 12. apríl 2019 á deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar, kæru landeigenda að Drangavík á sama og framkvæmdaleyfi skv. kæru dagsettri 23. júní 2019 og kæru fernra umhverfisverndarsamtaka dagsettri 9. júlí 2019.

Fornasel á lögvarinna hagsmuna að gæta af hinni kærðu ákvörðun sem eigandi jarðarinnar Dranga. Frá því á árinu 2018 hefur friðlýsing jarðarinnar Dranga sem óbyggðra víðerna skv. 46. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 verið í undirbúningi hjá þar til bærum yfirvöldum. Hafa þau yfirvöld lagt til friðlýsingu jarðarinnar sem óbyggðra víðerna, þó ekki syðsta hluta jarðarinnar, líkast til þar sem hann telja þau muni skerðast af völdum miðlunarlöns þar sem Eyvindarfjarðarvatn er, þrátt fyrir að ekkert leyfi hafi verið gefið út til gerðar þeirrar miðlunar, hvorki af hálfu viðkomandi landeigenda, virkjunarleyfi frá Orkustofnun skv. raforkulögum nr. 65/2003 né framkvæmdaleyfi sveitarfélags skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat tiltekinna framkvæmda nr. 106/2000. Hafa yfirvöld umhverfismála nú lagt til á auglýstu korti (sjá https://ust.is/library/sida/Nattura/Drangar_19_06_19.png) að syðsti hluti jarðarinnar Dranga hljóti ekki friðlýsingu sem óbyggð víðerni skv. 46. gr. náttúruverndarlaga en hinsvegar sem landsalagsverndarsvæði skv. 50. gr. laganna (sjá <https://ust.is/nattura/atak-i-fridlysingum/fridlysingar-i-vinnslu/adrar-fridlysingar/drangar-a-strondum/>), að því er virðist af tillitsemi við áætlanir þriðja aðila um miðlun Eyvindarfjarðarar, sem þó hafa ekki hlotið tilskilda málsmeðferð skipulags skv. skipulagslögum og engin leyfi fengið eins og áður segir. Þrátt fyrir að hið kærða leyfi veiti ekki heimild til miðlunar Eyvindarfjarðarar veitir það leyfi til vegagerðar að Eyvindarfjarðarvatni sem er í beinum tengslum við síðari tíma væntanlega miðlun, ef af verður. Því telur kærandi að hann hafi beinna, verulegra og sérstakra hagsmuna að gæta sem landeigandi af hinn kærðu ákvörðun í skilningi umhverfisréttar, þar sem hið kærða leyfi er hluti framkvæmdar sem skerða myndi óbyggð víðerni innan jarðarinnar Dranga og hamla lögumæltu og yfirstandandi friðlýsingarferli hennar skv. 46. gr. náttúruverndarlaga. Auk víðernaverndar Dranga skv. e-lið 3. gr. ber að líta til verndarstöðu Eyvindarfjarðarvatns skv. 61. gr. laganna vegna grenndarhagsmuna.

Nánar um skýringu lögvarinna hagsmuna að umhverfisrétti er vísað til fordæmis úrskurðarnefndarinnar í máli 3/2018, *Arctic Sea Farm*, en þar kemur fram að á sviði umhverfisréttar sé oft álitamál hvern telja beri aðila máls. Verði við úrlausn þess að meta hagsmuni og tengsl kæranda, það er hvort þeir eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinnar hagsmuna að gæta. Úrskurðarnefndin taldi í málinu að almennt verði að fara varlega í að vísa málum frá vegna þess að kæranda skorti lögvarða hagsmuni, nema augljóst sé að það hafi ekki raunhæft gildi fyrir lögverndaða hagsmuni hans að fá leyst úr ágreiningi þeim sem stendur að baki kærumálinu. Ekki eru efni til að vísa kæru Fornasels frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

f.h. Ingunnar Sveinsdóttur stjórnarformanns Fornasels ehf.
Guðmundur Arngrímsson, skv. Umboði.

